

**1041. fundur bæjarráðs Ísafjarðarbæjar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 3. desember 2018
og hófst hann kl. 08:05.**

Fundinn sátu:

Arna Lára Jónsdóttir aðalmaður, Daníel Jakobsson formaður og Marzellíus Sveinbjörnsson varaformaður.

Embættismenn:

Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarritari og Guðmundur Gunnarsson, bæjarstjóri.

Fundargerð ritaði: Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarritari.

Dagskrá:

1. Viðauki 15 við fjárhagsáætlun 2018 - 2018020099

Lagður fram viðauki 15 við fjárhagsáætlun 2018. Viðaukinn varðar framtíðarskipulag útivistasvæðis í Skutulsfirði, frumhönnun skipulags við Seljalands-, Tungu og Dagverðardal og er þóknun ráðgjafa áætluð 2,5 milljón króna fyrir árið 2018. Þessari framkvæmd er mætt með tilfæringu innan framkvæmdaáætlunar. Áhrif viðaukans á rekstrarniðurstöður Ísafjarðarbæjar er 0 kr.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að viðaukinn verði samþykktur.

2. Fjárhagsáætlun 2019 - 2018030083

Umræður um fjárhagsáætlun 2019.

Umræður fóru fram um fjárhagsáætlun 2019. Fjárhagsáætlun fer til síðari umræðu í bæjarstjórn á næsta bæjarstjórnarfund.

3. Fjarskiptatenging á Ingjaldssand. - 2018110080

Kynntur samningur milli Snerpu, Fjarskiptasjóðs og Ísafjarðarbæjar, dagsettur 30. nóvember 2018, varðandi uppsetningu og rekstur á örbylgjusambandi á Ingjaldssandi þar til ljósleiðarasamband verður í boði eða ábúð á heilsársgrundvelli leggst af.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að ræða við forsvarsmann Snerpu og taka aftur fyrir á dagskrá bæjarráðs.

4. Byggðakvóti fiskveiðiárið 2018/2019 - 2018100024

Lagt er fram bréf Annasar Jóns Sigmundssonar og Jóhanns Guðmundssonar, f.h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, dags. 23. nóvember sl., varðandi úthlutun byggðakvóta fiskveiðisins 2018/2019. Enn fremur er lagt fram minnisblað Þórdísar Sifjar Sigurðardóttur bæjarritara dags. 26. nóvember sl.

Lagt fram til kynningar.

5. Frístundarúta - 2016090101

Lögð fram tillaga íþróttá- og tómstundanefndar um akstursstyrk og útfærslu á honum.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að gera ráð fyrir kostnaði við frístundaaksturinn í fjárhagsáætlun 2019 og vísar setningu reglna til íþróttá- og tómstundanefndar.

7. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2018 - 2018020003

Lagður fram tölvupóstur Hildar Edwald f.h. nefndasviðs Alþingis, dagsettur 27. nóvember sl., þar sem Ísafjarðarbæ er sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsnæðisbætur (réttur námsmanna og fatlaðs fólk), 140. mál. Umsagnarfrestur er til 18. desember nk.

Bæjarráð vísar frumvarpinu til umsagnar á velferðarsviði.

8. Atvinnu- og menningarmálanefnd - 144 - 1811017F

Fundargerð 144. fundar atvinnu- og menningarmálanefndar, sem haldinn var 28. nóvember sl. Fundargerðin er í 4 liðum.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 08:43

Arna Lára Jónsdóttir

Daníel Jakobsson

Marzellíus Sveinbjörnsson

Þórdís Sif Sigurðardóttir

Guðmundur Gunnarsson